

15. nóvember 2022

Vitundarvika um notkun sýklalyfja 2022

Það er engum vafa undirorpið að með tilkomu sýklalyfja á öndverðri tuttugustu öld umbreyttist líf fólks. Sýkingar sem áður ollu ótímabærum dauða eða örkuðum var hægt að lækna með sýklalyfjum. Vísindamönnum var þó strax ljóst að sýklar voru þeim eiginleikum gæddir að mynda þol eða ónæmi gegn sýklalyfjum. Penicillin sem er eitt fyrsta sýklalyf sem komst í almenna notkun árið 1946 var orðið lítt nothæft gegn *Staphylococcus aureus* nokkrum árum seinna. Í dag eru fáir stofnar af þessari skæðu bakteríu næmir fyrir penicillini. Þrátt fyrir að ónæmi myndist hjá sýklum gegn sýklalyfjum er ljóst að sýklalyf eru gríðarlega mikilvæg í glímunni við sýkingar.

Mikil og óheft notkun sýklalyfja í matvælaíðnaði (búfjárrækt hvers kyns og fiskrækt) hefur leitt til þess að mjög mikið af sýklalyfjum hefur sloppið út í umhverfi okkar. Sýklar sem hafa þróast í umhverfi mengað af sýklalyfjum berast í menn og verða stundum hluti af bakteríuflóru þeirra. Þeir einstaklingar sem hafa þannig sýkla í eigin flóru eru í áhættu að fá sýkingar af völdum ónæmra sýkla. Þetta á ekki hvað síst við um einstaklinga sem fá breiðvirk sýklalyf. Óþörf notkun of breiðvirkra sýklalyfja í mönnum getur greitt götu ónæmra sýkla í sjúklingum og samfélaginu bæði innan og utan sjúkrastofnana. Á Landspítala og í íslensku samfélagi hefur orðið aukning á greiningu ónæmra sýkla rétt eins og erlendis.

Til þess að glíma við þessa þróun hefur verið gripið til þess ráðs í heilsugæslunni að gefa út leiðbeiningar um meðferð algengra sýkinga utan spítala. Á Landspítala hefur verið stofnað til sýklalyfjagæslu (e. *antibiotic stewardship*) á Barnaspítala Hringins og sýklalyfjagæsla hefur verið útfærð á nokkrar almennar legudeildir spítalans (vegna anna starfsmanna í COVID-19 faraldri hefur því miður orðið hlé á þessum störfum). Búið er að birta ráðleggingar við algengum sýkingum á vefnum www.microguide.eu sem er aðgengilegur öllum en að auki er unnt að hlaða leiðbeiningum í snjallsíma. Mikilvægt er að allir sem ávísa sýklalyfjum geri sér grein fyrir hvers vegna verið er að ávísa sýklalyfi, þeir nýti sér leiðbeiningar um val sýklalyfja og ákvarði meðferðarlengd. Áfram er stefnt að því að taka upp sýklalyfjagæslu innan spítalans. Til að meta árangur af sýklalyfjagæslu á Landspítala verður fylgst með útbreiðslu sýklalyfjaónæmis, heildarnotkun sýklalyfja og réttri notkun sýklalyfja við algengum sýkingum.

Verkefni sem lúta að notkun sýklalyfja á Landspítala hafa að markmiði að stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja og að draga úr áhættu á myndun og dreifingu ónæmra sýkla.

Már Kristjánsson, smitsjúkdómalæknir
s. forstöðumaður lyflækninga- og bráðþjónustu Landspítala